

Ályktun um vinnuvernd

Það er mikilvægt að huga vel að vinnuumhverfi kennara til að auka öryggi og vellíðan þeirra í starfi. Störf kennara eru mjög fjölbreytt og starfsaðstæður einnig, eftir því hverskonar kennslu kennarar eru að sinna.

Samkvæmt lögum um vinnuvernd nr. 46/1980 er nauðsynlegt að semja reglur vegna vinnuumhverfis kennara sem kjarasamningsaðilar standa að og viðurkenna sem viðmiðunarreglur um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum kennara. Ríki og sveitarfélög láti óháða aðila gera úttekt á öllu skólahúsnæði í landinu með það það markmiði að koma á umbótum í húsnæðismálum skóla.